

Hvalfjarðarsveit  
Innrimel 3  
301 Akranes

Garðabær, 17. maí 2024  
Málsnúmer: 202405-0010  
IAS

**Efni: Skipulagslýsing - breyting aðalskipulags og gerð deiliskipulags. Litla-Botnsland.  
Nýtt verslunar- og þjónustusvæði.**

Hvalfjarðarsveit hefur auglýst skipulagslýsingu, vegna breytingar á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar og gerð deiliskipulags fyrir Litla-Botnsland 1, þar sem 12,1 ha svæði úr landi sem nú er skipulagt sem frístundasvæði verður tekið undir verslunar- og þjónustusvæði. Gert er ráð fyrir 27 herbergja hóteli á einni hæð, allt að 2.200 m<sup>2</sup> að stærð, 90 m<sup>2</sup> gestahúsi auk allt að 25 gestahúsum, 40 m<sup>2</sup> að stærð með 40-100 m millibili. Náttúrufræðistofnun fékk skipulagslýsinguna ekki til umsagnar en fyrirhugað verslunar- og þjónustusvæði er innan svæðis 201 á náttúruminjaskrá og í næsta nágrenni við svæði sem Náttúrufræðistofnun hefur tilnefnt á B-hluta vegna fjöruvistgerða, fugla og sela.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um vinnslutillögu að aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020-2032 þann 30. nóvember 2021. Þar var gerð athugasemd við mikla fjölgun svæða undir frístundabyggð og bent á að ekki væri æskilegt að skipuleggja frístundabyggð innan náttúruverndarsvæða. Engu að síður eru fjögur frístundasvæði innan svæðis 201 á náttúruminjaskrá (Brynjudalur, Botnsdalur, Hvalvatn og Glymur) í Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020-2032 sem staðfest var af Skipulagsstofnun 26. apríl 2023.

Náttúrufræðistofnun ítrekar að gæta þarf hófs ef frístundabyggð eða verslunar- og þjónustusvæði eru skipulögð innan náttúruverndarsvæðis og hafa verndarhagsmuni svæðisins að leiðarljósi. Þá er svæðið sem breytingin nær til að hluta til vaxið birki en samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd (60/2013) njóta „sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra þar sem eru m.a. gömul tré“ sérstakrar verndar og skal forðast að raska þeim nema brýna nauðsyn beri til. Erfitt er að sjá hvernig svo umfangsmikil uppbygging getur orðið að veruleika án þess að valda verulega raski á birkiskóginum og breyta mjög ásýnd svæðisins og rýra þannig verndargildi þess.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson  
jarðfræðingur

